



[Click here to enter text.](#)

Svör við spurningu frá Norðurlandaráði til ríkisstjórna Norðurlanda um hleðslu rafdrifinna ökutækja um borð í ferjum

Sem formennskuland í Norrænu ráðherranefndinni sendir danska ríkisstjórnin hér með, fyrir hönd ríkisstjórna Norðurlanda, svör við spurningu Norðurlandaráðs um hleðslu rafdrifinna ökutækja um borð í ferjum.

Á fundi með fulltrúa fyrirtækisins ForSea, sem rekur nýja rafferju í siglingum á milli Helsingborg og Helsingør, fékk norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin upplýsingar um að lög skorti um marga þætti er tengjast slíkum siglingum og aðstöðu um borð. Nefndin vill því spyrja ríkisstjórnir norrænu landanna um eftirfarandi:

- Hvaða reglur eiga við um hleðslu rafdrifinna ökutækja um borð í ferjum í dag?
- Þar sem gera má ráð fyrir að hömlur sem kunna að vera á möguleikanum á hleðslu ökutækja um borð í ferjum á siglingu tengist hættu á sprengingu/eldsvoða um borð vill nefndin vita hvaða augum löndin líta þessa hættu, sem og hvernig þjóðhagsleg kostnaðar- og ábatagreining lítur út hvað þessari hættu viðvíkur með tilliti til ávinningsins af því að geta hlaðið rafdrifin ökutæki um borð meðan á ferð stendur.

Svar 1:

Í Danmörku fellur búnaður fyrir rafbíla um borð í ferjum undir almennar reglur um siglingaöryggi sem m.a. kveða á um aðstöðu á bílaþilförum. Þetta á bæði við um búnað fyrir rafbíla um borð í skipum og um kröfur varðandi byggingu og búnað t.d. með tilliti til eldeinangrunar, slökkvibúnaðar o.fl. Fyrir danskar ferjur í alþjóðasiglingum er kveðið á um þetta í *tilkynningu nr. 1154 frá 19. november 2019 um byggingu og útbúnað skipa m.m.*, framkvæmd *alþjóðasamningsins um öryggi manslífa á hafi (SOLAS)* og fyrir danskar ferjur sem sigla í innlendri lögsögu er kveðið á um þetta í *tilkynningu nr. 1529 frá 19. desember 2019 um byggingu og útbúnað skipa m.m. og farþegaskip í innlendri lögsögu.*

Í Finnlandi er farið eftir viðmiðunarreglum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO), *interim guidelines for*

ERHVERVSMINISTERIET

Slotsholmsgade 10-12
DK-1216 København K

Sími 33 92 33 50
Bréfasími 33 12 37 78
Kennitala 10092485
EAN nr. 5798000026001
em@em.dk
www.em.dk


minimizing the incidence and consequences of fires in ro-ro spaces and special category spaces of new and existing ro-ro passenger ships (bráðabrigðareglur til að lágmarka fyrirkomu og afleiðingar eldsvoða í ekjufarrýmum og sérstökum rýmum í nýjum og gömlum ekjufarþegaskipum), sem einnig taka til hleðslu rafknúinna ökutækja um borð í ferjum.

Hvorki Svíþjóð, Noregur né Álandseyjar hafa sem stendur löggjöf sem kveður á um hleðslu rafbíla um borð í ferjum. Í Svíþjóð teljast rafbílar vera hættuleg vara þegar þeir eru fluttir sjóleiðis. Það þýðir að uppfylla þarf ýmsar lagalegar kröfur til þess að flytja megi ökutækið, m.a. að það rými skipsins sem rafbíllinn er staðsetur í sé útbúið föstu eldslökkvikerfi og því sé skipt niður í einingar til að koma í veg fyrir að eldur geti dreift sér. Í kjölfar óhapps í Noregi árið 2010 lagði United Steamship Company (DFDS) bann við hleðslu rafbíla í flutningi. Samkvæmt almannavarnayfirvöldum í Noregi (Direktoratet for Sikkerhed og Beredskab (DSB)) varð þetta til þess að aðrar útgerðir fóru að fordæmi DFDS.

Svar 2:

Á grundvelli þeirrar þekkingar og reynslu sem til er í dag og þeirra öryggiskrafna sem nú eru gerðar til farþegaskipa telja norrænu ríkisstjórnirnar ekki mikla hættu stafa af hleðslu rafknúinna ökutækja svo lengi sem tæknibúnaður til hleðslu er góður og því telja þær vel hægt að leyfa hleðslu rafbíla um borð í ferjum. Engri af norrænu ríkisstjórnunum er kunnugt um samfélagslegar kostnaðar- og nytjagreiningar í sambandi við rafbíla í ferjum. Mikilvægt er að allir styðji iðnaðinn og útgerðir í því að kanna þetta mál. Sænska samgöngustofan hefur m.a. pantað skýrslu frá Swedish Shipping til að fá betri innsýn og stendur sú vinna yfir núna.

Með kærri kveðju,



Simon Kollerup